

1170. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 7. mars 2018, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Dóra Magnúsdóttir, Elizabeth Ann Courtney, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Unnur María Pálmadóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Sigríður Helga Sveinsdóttir og Theódór Ingi Pálmason endurskoðendur frá KPMG og Benedikt Vilhjálmsson og Jóhanna S. Rúnarsdóttir skoðunarmenn VR.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1169. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1169. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Ársreikningur 2017

Stefán lagði fram skjalið „VR Ársreikningur 2017“ og fór yfir meginefni þess á slæðum. Í máli Stefáns kom m.a. fram að þessi ársreikningur væri með hefðbundnu sniði og áritunum endurskoðenda.

Þegar skoðuð er afkoma ársins 2017 þá má sjá að tekjur aukast um 13,3% milli ára en tekjur eru samtals 3.9 milljarðar króna. Gjöld aukast um 20,6% og eru samtals 3.6 milljarðar króna. Rekstrartekjur umfram gjöld eru samtals 346 milljónir króna en fjármagnsliðir eru 610 milljónir og því eru hreinar tekjur til ráðstöfunar 956 milljónir króna sem er 30% hækkun milli ára.

Þá fór Stefán yfir helstu lykiltölur VR fyrir árið 2017 þar sem kom m.a. fram að félagsmenn eru nú orðnir 35.231 alls sem er 7,4% aukning frá fyrra ári og ef undan er skilin aukning vegna sameiningar við Verslunarmannafélag Suðurlands er aukningin engu að síður 5,4% sem er mikil aukning í sjálfu sér. Afgreiðslum í þjónustuveri fjölgar um 2% en símtölum fækkar á móti um 2,9%. Þá er 13% aukning heimsókna á vefsvæðið vr.is og 23,3% aukning heimsókna á Mínar síður sem er vitnisburður um mun meiri sjálfsafgreiðslu er varðar t.d. styrkumsóknir oþh. sem er einmitt það sem stefnt hefur verið að.

Stefán rakti nú m.a. rekstrartekjur þar sem er aukning um 434 milljónir kr. milli ára þar sem skýring er aukning iðgjaldatekna um 13,2% og að auki er aukning í leigu orlofshúsa og annarri orlofsþjónustu m.a. vegna fjölgunar orlofshúsa.

Rekstrargjöld eru að hækka milli ára sem skýrist af hækkun iðgjalda og skatta í takt við hækkun iðgjalda í félagssjóð og svo er aukning í útgreiðslu sjúkradagpeninga og meira er greitt úr VR varasjóði. Stefán rakti stöðu greiðslna úr sjúkrasjóði en eins og áður er mikil aukning og þá helst tengdum sjúkdómaflokkum stoð- og geðsjúkdóma en tryggingastærðfræðingur er að gera úttekt á sjóðnum sem verður skoðuð á fundi framkvæmdastjórnar sjóðsins næsta mánudag. Hlutfall sjúkradagpeninga af sjúkrasjóðsiðgjöldum hefur hækkað mikið og er nú í 67,92% sem er það mesta sem við höfum séð frá því í hruninu árið 2009.

Næst fór Stefán yfir tölur um VR varasjóð, aðra orlofsþjónustu og svo fjármagnsliði en fjármagnsliðir eru alls 610 milljónir króna sem skýrast af góðri ávöxtun sem var 7,70% nafnávöxtun og 5,87% raunávöxtun. Lýsti hann næst þróun á eignasafni VR sem hefur verið uppávið frá árinu 2016 og renndi einnig yfir fjárfestingastefnu félagsins þar sem í eignasafni eru skuldabréf með ábyrgð ríkis lang fyrirferðamest eða 65,5%. Þá rakti hann afkomu ársins og eignir sem eru alls 12.3 milljarðar króna. Þá eignfærslur og skuldir og eigið fé en eiginfjárlutfall er 96%.

Fór nú Stefán yfir rekstarreikning sjóða 2017 og loks í því samhengi tillögu um framlag í VR varasjóð en tillaga að framlagi ársins 2017 eru kr. 751 milljón og til viðbótar kr. 14.492.146 sem aukaframlag vegna ársins 2016.

Umræður.

Næst tóku til máls gestir fundarins þau Theódór Ingi Pálmason og Sigríður Helga Sveinsdóttir endurskoðendur KPMG og lögðu þau fram skjalið „VR Endurskoðunarskýrsla 2017“ dags. 07.03 2018 og fóru yfir aðalatriði þess á slæðum. Í máli þeirra kom m.a. fram að vinnan við skýrsluna hefði gengið vel, gögn hafi verið vel unnin hjá VR og engin teljandi vandræði orðið þar sem engar skekkjur eða slíkt hafi fundist. Engir veikleikar fundust heldur í innra eftirliti. Öll vinna var unnin eftir alþjóðlegum stöðlum.

Þau hafa því áritað ársreikninginn með s.k. fyrirvaralausri áritun. Þau sögðu nú frá þeim áherslum sem þau höfðu við endurkoðunina og þær prófanir á áhættum sem gerðar voru. Þá röktu þau mat verðbréfa og sviksemisáhættur en þau prófuðu virkni eftirlitsþátta vegna úthlutunar á bótum og styrkjum úr sjúkrasjóði og varasjóði og yfirfóru gögn vegna gjaldfærðra bóta og styrkja í ársreikningi 2017.

Upplýsinga- og öryggismál voru rakin þar sem voru aðeins smávægilegar athugasemdir. Síðan þær upplýsingar sem skylt er að veita og hefur ekkert komið uppá því tengt, engir veikleikar og engin svik né grunur um svik. Þá næst lýstu þau óhæði, fyrirvörum og fóru í viðauka þar sem rætt var um nýja persónuverndarlöggjöf en VR hefur brugðist við því með skipan sérstaks fulltrúa þess málaflokks sem er Ingibjörg Hrund Þráinsdóttir.

Sögðu þau frá því að öryggispróf hefðu verið gerð á vef ofl. Námskeið um netöryggi eru í gangi meðal starfsmanna oph.

Þá tóku til máls skoðunarmenn þau Benedikt Vilhjálmsson og Jóhanna S. Rúnarsdóttir en þau sögðust hafa hitt endurskoðendur á fundi í janúar sl og fengu líka aðgang að ONE skjalavistunarkerfi félagsins þar sem þau m.a. skoðuðu fundargerðir og samþykktir ofl. Þau höfðu svo spurt Stefán í framhaldinu um nokkur atriði sem hann svaraði mjög vel og um hæl.

Hér vék Ragnar Þór af fundi kl. 18:20 og tók Harpa við stjórn fundarins.

Benedikt og Jóhanna höfðu lesið yfir ársreikninginn og ekkert sérstakt vakti athygli sem væri athugasemdir. Þau hafa engar athugasemdir og fengu allar þær upplýsingar sem þau óskuðu eftir. Það var mikil vinna að fara í gegnum öll gögn og var því gott að fá allan aðgang svona snemma eins og nú var.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Harpa ársreikning VR 2017, eins og hann hefur verið kynntur, upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða. Þá gekk reikningurinn á milli til undiritunar.

Harpa óskaði nú eftir leyfi fundarins til að færa dagskrárlið nr. 3 aftast í röð almennra dagskrárliða þannig að hann yrði nr. 7 svo hægt væri að taka hann á dagskrá þegar Ragnar Þór sneri aftur til fundar. Númer annara dagskrárliða tækju breytingum samkvæmt því.

Samþykkt.

Í tilefni af 50 ára afmæli Sigríðar Lovísu var henni nú afhent afmælisgjöf og sunginn afmælissöngur og hrópað ferfallt húrri henni til heiðurs.

Er hér var komið kl. 18:40 véku endurskoðendur og skoðunarmenn reikninga af fundi eftir að þeim hafði verið þakkað fyrir góð störf og kynningu.

3. Tillögur fyrir aðalfund VR 19. mars 2018

Svanhildur Ólöf sagði frá fundi Launanevndar VR sem haldinn var þann 2. mars sl. en þar voru ræddar tillögur að stjórnarlaunum fyrir starfsárið 2018 – 2019 en í fyrra var samþykkt að stjórnarlaun tækju breytingum til hækkunar í samræmi við launavísitölu VR. Lagði hún í framhaldi af því fram eftirfarandi tillögu:

Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli mánudaginn 19. mars 2018, samþykkir að stjórnarlaun hækki úr 47.118 kr. á mánuði í 49.694 kr. á mánuði. Varamenn fá sömu stjórnarlaun og aðalmenn í stjórn VR, fyrir hvern setinn stjórnarfund þó aldrei meira sem nemur einum stjórnarlaunum aðrir varamenn fá 24.848 kr. fyrir hvern setinn stjórnarfund, en þó aldrei meira en laun sem aðalmaður fengi. Lagt er til að formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, formaður stjórnar Orlofssjóðs VR og varaformaður stjórnar VR fái 1,5 stjórnarlaun á mánuði.

Umræður.

Var þá ofangreind tillaga borin upp til atkvæða.
Samþykkt.

Næst ræddi hún tillögu frá nefndinni um viðbrögð við því þegar stjórnarmenn mæta ítrekað ekki á stjórnarfundum. Nokkrar umræður hefðu orðið um þetta atriði í nefndinni og þeirra niðurstaða orðið sú að erfitt væri og flókið að stilla upp reglum um að svipta þá stjórnarmenn launum á einn eða annan hátt en að birting mætinga á vef félagsins myndi hins vegar veita ákveðið aðhald. Þeirra tillaga væri því eftirfarandi:

„Launanefnd VR leggur til að stjórn VR samþykkir að á heimasíðu VR verði birt mæting stjórnarmanna VR á stjórnarfundum félagsins. Mæting verði uppfærð reglulega eða fljótlega eftir hvern stjórnarfund.“

Umræður.

Er hér var komið var ákveðið að fresta atkvæðagreiðslu um þessa tillögu þar til síðar á fundinum og halda umfjöllun áfram.

Þá var komið að umfjöllun um laun skoðunarmanna og leggur Launanefnd til eftirfarandi:

„Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli mánudaginn 19. mars 2018, samþykkir að greiða hverjum skoðunarmanni VR 49.694 kr. á ári.“

Umræður.

Var þá ofangreind tillaga um laun skoðunarmanna borin upp til atkvæða.
Samþykkt.

Rannveig bar nú upp þá tillögu að áður samþykkt tillaga um stjórnarlaun yrði dregin tilbaka og kosið um nýja tillögu sem hún vildi bera upp.

Var þetta borið upp til atkvæða.

Samþykkt með 11 atkvæðum gegn einu mótatkvæði Bjarna Þórs sem óskaði eftir að það væri fært til bókar.

Ný tillaga Rannveigar er svo hljóðandi:

„Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli mánudaginn 19. mars 2018, samþykkir að stjórnarlaun hækki úr 47.118 kr. á mánuði í 49.694 kr. á mánuði. Varamenn fái sömu stjórnarlaun og aðalmenn í stjórn VR, fyrir hvern setinn stjórnarfund þó aldrei meira sem nemur einum stjórnarlaunum. Lagt er til að formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, formaður stjórnar Orlofssjóðs VR og varaformaður stjórnar VR fái 1,5 stjórnarlaun á mánuði.“

Umræður.

Var nú nú ofangreind tillaga Rannveigar borin upp til atkvæða.

Samþykkt með 10 atkvæðum gegn einu mótatkvæði Bjarna Þórs sem óskaði eftir að það væri fært til bókar.

Þá var nú borin upp til atkvæða eftirfarandi tillaga um mætingu sem frestað var fyrr í umræðum undir þessum dagskrárlið:

„Launanevnd VR leggur til að stjórn VR samþykkir að á heimasíðu VR verði birt mæting stjórnarmanna VR á stjórnarfundum félagsins. Mæting verði uppfærð reglulega eða fljótlega eftir hvern stjórnarfund.“

Samþykkt með 10 atkvæðum. Enginn á móti.

4. Tillaga að lagabreytingu

Kristjana Þorbjörg formaður Laganefndar VR lagði nú fram skjalið

„Lagabreyting nr. 8 fyrir aðalfund 2018“ og fór yfir efni þess. Þetta er tillaga sem áður hafði verið samþykkt í stjórn en ákveðið var að breyta henni örlítið í kjölfar umræðu á fundi trúnaðarráðs VR og er tillagan nú svo hljóðandi:

Breyting nr. 8

Núverandi hljóðan (11. mgr. 20.3 gr. Um framkvæmd kosninga) 11.mgr.

„Skrifstofa félagsins sér um kynningu á frambjóðendum í miðlum félagsins eins og þeir eru á hverjum tíma. Þá skal haldinn kynningafundur, einn eða fleiri, meðal félagsmanna með frambjóðendum fyrir upphaf kjördags. Um framkvæmd og undirbúning kosninga fer að öðru leyti eftir reglugerð ASÍ um leynilegar atkvæðagreiðslur.“

Verði (breyting í rauðu letri):

Skrifstofa félagsins sér um kynningu á frambjóðendum í miðlum félagsins eins og þeir eru á hverjum tíma. Heimilt er að halda kynningafundi, einn eða fleiri, meðal félagsmanna. Um framkvæmd og undirbúning kosninga fer að öðru leyti eftir reglugerð ASÍ um leynilegar atkvæðagreiðslur.

Umræður.

Að loknum umræðum var þessi breytta tillaga borin upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

Þá var kynnt lagabreytingartillaga sem borist hefur frá félagsmanni, Stefáni Viðari Egilssyni sem er svo hjóðandi:

„Breytinga tillaga við 22 grein

22. gr. Jafnræði

Við val á félagsmönnum til trúnaðarstarfa fyrir félagið skal gætt jafnræðis milli kynja og milli starfsgreina.

Verður

22. gr. Jafnræði

Við val á félagsmönnum til trúnaðarstarfa fyrir félagið skal gætt jafnræðis milli kynja og milli starfsgreina. En fremur skal þess gætt að þeir sem kosnir eru í stjórn VR séu ekki fleiri en 1 frá sama vinnustað (fyrirtæki /verslun)“

Umræður.

Ragnar Þór mætti aftur til fundar hér kl. 20:00 og tók við stjórn fundar.

5. Leigufélag VR

Bjarni Þór sagði frá fundi Húsnæðisnefndar VR sem haldinn var í gær. Á þeim fundi hafi verið farið yfir úthlutunarreglur ofl. og nokkrar ákvarðanir verið teknar sem hann fór yfir á slæðum. Sneri það að forsendum þess að komast í útdráttarpott, skilyrði sem yrði að uppfylla sé viðkomandi dregin út, ýmsar húsnæðisreglur og annað er viðkemur húsaleigusamningum, tryggingum ofl.

Þótt margt sé ákveðið er líka annað sem á eftir að móta svo sem skilyrði greiðslumats VR ofl.

Umræður.

Hér óskaði Ragnar Þór eftir leyfi fundarins til að framlengja fundi til kl. 21:00 Samþykkt.

6. Styrkumsókn frá Neytendasamtökunum

Stefán lagði fram skjalið *“Styrkbeiðni frá Neytendasamtökunum mars 2018”* dags. 2. mars 2018 og fór yfir efni þess. Óskað er eftir stuðningi á afmælisári samtakanna sem verða nú 65 ára gömul. Vísað er til þess að VR hafi styrkt samtökin um 400 þús. kr. á síðasta ári en að upphæð sem óskað er eftir nú sé valfrjáls.

Umræður.

Að loknum umræðum sagði Ragnar Þór að samtökin væru rótgróið félag sem væri nú í vandræðum og hafi gengið í gegnum ólgusjó og stakk uppá að samtökin yrðu styrkt um sömu upphæð og í fyrra þ.e. 400 þús. kr.

Samþykkt.

7. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði frá því að miðstjórnarfundur í ASÍ hafi verið haldinn í dag. Rætt hafi verið m.a. um lífeyrissjóðsmálin og að komið sé samkomulag um stjórnkerfisbreytingar. Lagði hann í því samhengi fram skjölin *“Bréf frá ASÍ vegna kafla um stórkerfi lífeyrissjóða”* og *“Kafli um stjórnir lífeyrissjóða í kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál”*. Sagði hann þessa samþykkt skref í rétta átt sem beri að fagna. Þetta sé þó fyrst og fremst samkomulag ASÍ án okkar aðkomu vegna sérstöðu okkar sjóðs. Við munum þó reyna að fylgja þessu plaggi hjá okkur líka en sátt sé um málið beggja vegna borðs og sé það skref í meiri lýðræðisátt.

Umræður.

Þá sagði Ragnar Þór að rætt hafi verið um hátíðarhöldin 1. maí og slagorð ákveðið en yfirskrift hátíðarhaldanna skal vera: *“Sterkari saman”*. Vonandi að það verði einmitt raunin eftir niðurstöður kosninga í Eflingu í gær.

Þá tók Stefán til máls og sagði frá því að Félag Heilsunuddara hafi leitað til okkar með ósk um sameiningu við VR og að við gerðum fyrir þá kjarasamning. Þeir skilgreina sig sem þjónustugrein sem eigi best heima innan VR fremur en hjá öðrum stéttarfélögum.

Umræður.

Að loknum umræðum sagði Ragnar Þór að við tækjum þessum málaleitunum nuddara fagnandi og munum skoða að finna þeim stað innan félagsins.



Árni Leósson, fundarritari